

2295. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 14. júní 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Ívar Ingimarsson (á teams), Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Helga Helgadóttir.

Mættur varamaður: Jón Sigurður Pétursson (tók sæti Helgu Helgadóttur).

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Fundargögn:

- Stefna KSÍ í samfélagslegum verkefnum 2023-2026
 - Erindi frá foreldrum vegna sérlega alvarlegra atvika
 - Minnisblað vegna mögulegrar kostnaðarþátttöku leikmanna yngri landsliða KSÍ
-

1. Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2294.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fluttar fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Orri V Hlöðversson formaður ÍTF flutti fréttir af vettvangi ÍTF.
3. Lög og reglugerðir
 - a. Engar tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum lágu fyrir fundinum.
4. Verkefni milli funda:
 - a. Rætt um stefnumótun KSÍ. Stjórnarfolk beðið um að senda athugasemdir fyrir stjórnarfund nk. þriðjudag ef einhverjar eru.
 - b. *Stjórn KSÍ samþykkti stefnu KSÍ um samfélagsleg verkefni 2023-2026.*
 - c. *Stjórn KSÍ samþykkti að sækja um að halda ársþing UEFA í tengslum við 80 ára afmæli KSÍ, 26. mars 2027. Áætlaður kostnaður KSÍ að verkefninu yrði lítill en það yrði mikill heiður og viðurkenning fyrir KSÍ að fá slíkt verkefni til landsins.*
 - d. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður ræddi málefni Þjóðarleikvangs. Vegna breytinga á mótafyrirkomulagi UEFA gætu A landslið karla og kvenna þurft að spila mikilvæga umspilsleiki heima og heiman í febrúar og mars á næsta ári. Verði engin breyting á aðstöðu þurfum við að leika heimaleiki okkar erlendis með tilheyrandi tilkostnaði, tekjutapi, líklega óhagstæðari úrslitum, og ekki síst mun ímynd íslenskrar knattspyrnu bíða álitshnekki. Staðan er grafalvarleg og mikilvægt að grípa til aðgerða strax. Stjórn KSÍ óskar því eftir að málefni þjóðarleikvangs í knattspyrnu fari í samskonar vinnuferli og málefni þjóðarhallar. Stjórn áttar sig á því að það muni taka einhvern tíma og því óskar stjórn eindregið eftir því að KSÍ, Reykjavíkurborg og ríkisstjórn Íslands hefji strax viðræður um það forgangsmál að bæta aðstöðu á Laugardalsvelli til að við getum leikið okkar leiki á heimavelli eins og allar aðrar þjóðir í Evrópu.
 - e. Tekið var fyrir erindi frá foreldrum vegna alvarlega meiðsla í leik og eftirfylgni slíkra mála. *Stjórn KSÍ samþykkti að taka málið upp við Samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs og biðja embættið að skoða hvort að leiðbeiningar vegna slíkra mála eigi heima í viðbragðsáætlun embættisins. Þá samþykkti stjórn enn fremur að fela fræðslunefnd KSÍ að útbúa leiðbeiningar sem gagnast í málum sem þessum (sambærilegar við leiðbeiningar á heimasíðu KSÍ vegna heilahristings) og birta á heimasíðu KSÍ.*
 - f. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ kynnti niðurstöður úr vinnu með Attentus varðandi jafnlaunastaðfestingu.

- g. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri funduðu með UMFÍ á dögnum varðandi samstarf. Í deiglu er verkefni tengt þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttastarfi með aðkomu KSÍ, UMFÍ, ÍBR, Leiknis Reykjavík, Keflavík, Njarðvík og fleiri hagaðila. Sótt verður um styrk fyrir verkefninu í sérstakan sjóð hjá UEFA. Þetta er hluti af stærri vinnu KSÍ varðandi *fótbolta fyrir alla*, þar sem Molaverkefnið, fótboltafitness og fleira fellur undir. Þá verður nú í fyrsta sinn sjónlýsing á komandi landsleikjum fyrir blinda og sjónskerta í samvinnu við Blindrafélagið og Samtök íþróttaréttamanna.
- h. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri greindi stjórn frá fundi sínum með Ísbirninum. Á fundinum var rætt um þátttöku félagsins í Evrópukeppninni í Futsal. Þá hvetur Ísbjörninn stjórn KSÍ til þess að beita sér fyrir stofnun Futsal-deildar. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela mótanefnd KSÍ að skoða málið.*
- i. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður greindi stjórn frá fundum sínum með Sindra, Hetti, Keflavík og Njarðvík og fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga.

5. Mótamál

- a. Stjórn KSÍ ræddi um mótamál og þar á meðal um fund sem haldinn var með aðildarfélögum vegna áhrifa úrslitakeppni U19 karla á mótahald innanlands. Á fundinum var farið yfir mögulegar færslur leikja og þær lausnir sem koma til greina. Félögin fengu frest til 13. júní að óska eftir frestun (breytingu) leikja.
- b. Halldór Breiðfjörð Jóhannsson formaður dómaranefndar ræddi um dómaramál. Stjórn KSÍ harmar mjög þau mál sem upp hafa komið á síðustu vikum þar sem einstakra þjálfarar og forystumenn hafa komið fram á ósættanlegan hátt gagnvart m.a. dómurum. Formaður KSÍ og formaður dómaranefndar munu beita sér saman í þessu máli. Rætt um þær heimildir sem eru til staðar í lögum og reglugerðum og hvort unnt sé að breyta reglum á þann hátt að auðveldara sé að taka á neikvæðri hegðun í framtíðinni.

6. Landsliðsmál

- a. Stjórn KSÍ ræddi tilmæli UEFA og FIFA um að bæta umgjörð yngri landsliða og fjölga verkefnum fyrir liðin. Stjórn KSÍ deilir áhyggjum UEFA og FIFA varðandi það að íslensk landslið geti dregist aftur úr á komandi árum m.a. þar sem liðin leika færri leiki en þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. Rætt um hvaða leiðir eru færar til að bregðast við þessum tilmælum. Í þessu samhengi var rætt um mögulega kostnaðarhlutdeild leikmanna. Frekari umræðu frestað.

7. Önnur mál

- a. Rætt um samstarfssamning KSÍ og ÍTF. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður reifaði málið og fór yfir forsöguna. Vöndu Sigurgeirsdóttir formanni og Klöru Bjartmarz framkvæmdastjóra var gefið umboð til að halda áfram samningaviðræðum við ÍTF með stuðningi fjárhags- og endurskoðunarnefndar. Samningur verður síðan lagður fyrir stjórn til samþykktar. Rætt um sameiginlegan fund ÍTF og KSÍ til að kynna starfsemi samtakanna.
- b. Næsti stjórnarfundur:
 - ✓ 20. júní (stjórn, varamenn og landshlutafulltrúar)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 19:45.

Klara Bjartmarz
Fundarritari